

**Sp.**

## **44. Tillaga til þingsályktunar**

[44. mál]

um endurreisn og uppbyggingu Reykhóltsstaðar í Borgarfirði.

Flm.: Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Davíð Aðalsteinsson,  
Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa nú þegar samræmdar framkvæmdir við endurreisn og uppbyggingu Reykhóltsstaðar í Borgarfirði í samræmi við tillögur stjórnskipaðrar nefndar, sem skipuð var 18. ágúst 1980.

Verulegt fjármagn verði veitt til þessa verkefnis á fjárlögum 1983 til uppbyggingar skólans og til annarra framkvæmda á staðnum.

Stefnt skal að því, að framkvæmda- og kostnaðaráætlun um uppbyggingu á staðnum í heild verði tilbúin áður en gengið verður frá fjárlagagerð fyrir árið 1984.

### **Greinargerð.**

Reykholt er í huga fólks, jafnt Íslendinga sem annarra þjóða manna, helgur staður vegna þeirra andans stórvirkja, sem þar voru unnin.

Héraðsskólinn í Reykholti hefur í rúm 50 ár notið álots og trausts og verið sóttur af nemendum víðs vegar að af landinu og jafnan verið fullsetinn og oftast orðið að vísa fjölda umsækjenda frá.

Saga Reykhólts í fortíð og samtíð krefst þess, að uppbygging og svipur staðarins í framtíð verði sú héraðsprýði sem einum sögufrægasta stað Norðurlanda ber. Það á að vera metnaðarmál Íslendinga.

Um margra ára skeið hafa mannvirki í Reykholti verið í niðurníðslu vegna skorts á fjármagni til viðhalds — til vansæmdar héraðinu og landinu öllu. Þrátt fyrir sögufrægð staðarins, sem dregur erlenda og innlenda ferðamenn að staðnum, Héraðsskólann, sem starfað hefur fullsetinn yfir 50 ár, náttúrufegurð, jarðhita o. fl., hefur ekki tekist að fá fram samræmdar aðgerðir og fjármagn til að endurbyggja staðinn og gera Reykholt að glæsilegu menningar- og menntasetri þjóðarinnar, sem flestir eru þó sammála um og mundi tvímæla-laust auka hróður Íslands meðal annarra þjóða, slík er frægð staðarins. Hér þarf til að koma stefnubreyting, framkvæmdir í stað kyrrstöðu.

Eitt brýnasta verkefnið er að ljúka uppbyggingu skólahúsnæðis í Reykholti. Forgangsverk er að koma upp svokallaðri A-álmú þar sem á að vera mótuneytis- og félagsaðstaða skólans, sem er algjörlega ófullnægjandi í dag og stendur öllu skólastarfi fyrir þrifum og mundi stórbæta aðstöðu fyrir ferðamannþjónustu yfir sumartímenn.

Koma þarf upp viðunandi aðstöðu fyrir bókasafn skólans og vinnuáðstöðu við safnið. Einnig þarf að koma upp safni er hefur fræðilegt gildi vegna rannsókna á störfum Snorra Sturlusonar og áhrifum hans. Stórauka þarf viðhald og endurnýjun húsbúnaðar og tækja skólans. Gera þarf heildarskipulag fyrir staðinn, leggja bundið slitlag á heimakstursbraut og bifreiðastæði.

Snorrargarð þarf að fegra með meiri uppgræðslu og skógrækt.

Skapa þarf aðstöðu í Reykholti fyrir norræna fræðimenn til dvalar og fræðiiðkana, þar sem staðurinn mun í vaxandi mæli verða samnorrænn staður. Æskilegt væri að komið verði upp sérstakri Snorrastofu og minjasafni í Reykholti.

Hér eru aðeins tilgreind örfá atriði til að rökstyðja þörfina á að byggja upp og endur-reisa Reykholt. Flutningsmenn þingsályktunartillögunnar fara fram á viljayfirlýsingu Alþingis til styrktar þessu máli. Að öðru leyti vísast til fylgiskjala sem eru:

1. Áfangaskýrsla Reykholtarnefndar, dags. 23/10 1981.
2. Greinargerð skólastjóra Héraðsskólans júlí 1982.
3. Álitgerð skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti.
4. Bréf kennara, starfsfólks og nemenda Héraðsskólans, dags. 26/10 1981.
5. Bréf Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 29/6 1981.
6. Bréf Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 21/10 1981.
7. Bréf Rafmagnsveitna ríkisins, dags. 20/6 1981.
8. Bréf Fræðsluráðs Vesturlandsumdæmis, dags. 27/5 1981.
9. Bréf Heilbrigðisnefndar Reykholtisdalshrepps, dags. 1/6 1981.
10. Samþykktir aðalfundar Kaupfélags Borgfirðinga, dags. 29/9 1981 og 29/6 1982.

### Fylgiskjal I.

#### Áfangaskýrsla

Reykholtarnefndar, skipaðrar af menntamálaráðherra 18. ágúst 1980, um málefni Reykholtis í Borgarfirði.

#### I.

Hinn 18. ágúst 1980 skipaði menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, nefnd til þess að gera tillögur um, hvernig haga skuli framkvæmd þeirra mála í Reykholtisstað, sem varða fleiri en eitt ráðuneyti, svo sem skólp-, vatns- og hitaveitumála, skipulags staðarins, leyfis til bygginga, atvinnurekstrar o. fl. Einnig var nefndin beðin að semja yfirlit um hvaða umbætur hún teldi þurfa að gera á staðnum og í hvaða röð ætti að framkvæma.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn: Rúnar Guðjónsson sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, formaður, skipaður án tilnefningar, Þorleifur Pálsson deildarstjóri og sr. Geir Waage sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, Haukur Jörundarson skrifstofustjóri, samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðuneytisins, Snorri Þorsteinsson fræðslustjóri, samkvæmt tilnefningu skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti, sr. Jón Einarsson sóknarprestur, samkvæmt tilnefningu Reykholtarnefndar, og Ólafur Þórðarson, þáv. skólastjóri Héraðsskólans í Reykholti, skipaður án tilnefningar.

Nefndin hefur þegar haldið 8 fundi og var Þorleifur Pálsson skipaður ritari nefndarinnar á fyrsta fundi hennar. Auk þessa hefur formaður ýmist einn eða ásamt ritara átt fundi með nokkrum aðilum, sem málið varðar. Má þar nefna Friðjón Þórðarson dómsmálaráðherra, Birgi Thorlacius ráðuneytisstjóra í menntamálaráðuneytinu, Zóphónías Pálsson skipulagsstjóra ríkisins, Skúla Guðmundsson forstöðumann framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og hreppsnefnd Reykholtisdalshrepps. Þá hafa allir nefndarmenn haft sérstök verkefni að vinna úr á milli funda.

Nefndin hefur aflað ýmissa gagna, svo sem allra þinglýstra eignar- og afnotaheimilda að jörðinni Reykholti, ljósrita úr úttektarbókum prófastsdæmisins, fundargerða skólanefndar Reykholtsskóla, loftmyndir af jörðinni, tillagna að skipulagsuppdráttum, greinargerðar Fjarhitunar hf. um hitaveitu í Reykholti og margra fleiri gagna, sem ekki verða hér talin upp.

Nefndin hefur að hennar mati hvergi nærri lokið störfum, en telur tímabært að leggja nú fram greinargerð um störf sín til þessa, sem e. t. v. mætti nefna áfangaskýrslu.

## II.

Jörðin Reykholt er prestsseturs- og kirkjujörð í eigu ríkisins. Nokkrir leigusamningar hafa verið gerðir um einstaka jarðarluta og lóðir undir einbýlishús. Skal hér getið þeirra, sem þinglýst hefur verið.

Hinn 11. apríl 1931 gerði þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra, Jónas Jónsson, tvo leigusamninga um jörðina. Með öðrum samningnum leigði hann héraðsskólanum í Reykholti  $\frac{1}{2}$  jörðina frá fardögum 1931 til 50 ára. Með hinum samningnum leigði hann þáverandi kennara, síðar skólastjóra í Reykholti, Þóri Steinþórssyni,  $\frac{1}{4}$  af jörðinni, einnig frá fardögum 1931 til 50 ára. Leigusamningar þessir runnu því báðir út á síðastliðnu vori.

Með samningi, dags. 29. október 1933, leigðu ábúendur í Reykholti Kornræktarfélaginu í Reykholti 15 ha. lands á svonefndri Stekkjareyri og í múnum þar upp af. Land þetta var leigt til 25 ára frá fardögum 1934. Leigusamningur þessi var staðfestur í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 14. maí 1934.

Með sölu- og afsalssamningi, dags. 22. október 1938, seldi Kornræktarfélagið Andrésí Kjerúlf á Akri rétt félagsins til landnota í Reykholti, sbr. fyrrnefndan leigusamning.

Með leigusamningi, dags. 21. sept. 1938, leigðu ábúendur í Reykholti með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytis Gróðurhúsfélagi Reykholtisdalshrepps landspildu allt að  $\frac{1}{2}$  ha. úr óskiptu landi jarðarinnar sunnan og vestan við hverinn Dynk ásamt réttindum til að hagnýta heitt vatn úr hvernum eftir því sem með þarf til starfrækslu gróðurhúsa og annarrar ræktunar. Landið er leigt til 25 ára frá 1. jan. 1938 að telja.

Með leigusamningi, dags. 28. ágúst 1944, leigðu ábúendur Reykholtis með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins Birni Ólafssyni, Reykholti, landspildu úr óskiptu landi jarðarinnar utan túns ofan skurðar hjá Dynk  $\frac{1}{2}$  ha. að stærð. Landspildan er leigð ásamt réttindum til að hagnýta heitt vatn á landinu eftir þörfum til upphitunar húsa og starfrækslu gróðurhúsa. Landið er leigt til 15 ára frá fardögum 1944.

Með leigusamningi, dags. 20. mars 1963, leigði landbúnaðarráðherra hinum sama Birni Ólafssyni, sem þá hafði nefnt garðyrkjubýli sitt Varmaland, landspildu úr landi Reykholtis til starfrækslu gróðurhúsa og garðræktar. Stærð hins leigða lands er 1.973 ha. Leigutíminn er 60 ár frá 1. janúar 1963.

Við skipti á dánarbúi fyrrnefnds Björns Ólafssonar, Varmalandi, sem andaðist 29. september 1971, kom íbúðarhúsið að Varmalandi og  $\frac{2}{6}$  hlutar garðyrkjustöðvarinnar í hlut ekkju hans, Margrétar Jóhannsdóttur, en  $\frac{4}{6}$  hlutar garðyrkjustöðvarinnar komu í hlut fjögurra barna hans, Elínar, Sveins, Ólafar og Jóhönnu, að jöfnu, allt skv. skiptasamningi, sem gerður var á árinu 1975.

Með afsali 1975 selja erfingjar Björns Ólafssonar Sveini Björnssyni garðyrkjustöðina að Varmalandi ásamt öllu tilheyrandi að íbúðarhúsinu undanteknu.

Með lóðarleigusamningi, dags. 9/1 1960, leigði landbúnaðarráðherra Páli Jónssyni trésmíðameistara, Smiðjuholti (v/Reykholt), byggingarlóð úr landi Reykholtis 1600 m<sup>2</sup> að stærð og ræktunarlóð 6 ha. að stærð. Byggingarlóðin liggur austan vegar, er liggur til norðurs frá skóla og prestshúsi, en ræktunarlóðin takmarkast að norðan af þjóðvegi, vestan af landi Grímsstaða og sunnan af landi Akurs. Lóðin er leigð til 50 ára frá útgáfudegi samnings.

Með lóðarleigusamningi, dags. 9. jan. 1960, leigði landbúnaðarráðherra Jóni Þórisyni kennara, Reykholti, byggingarlóð úr landi Reykholtis 1080 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin liggur vestan vegar, er liggur til norðurs frá skólabyggingunni. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með lóðarleigusamningi, dags. 11/7 1960, leigði landbúnaðarráðherra Steingrími Þórisyni, Reykholti, byggingarlóð úr landi Reykholtis 2200 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin liggur austan við austurvegin heim að Reykholti. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með afsali, dags. 8/2 1966, selur Páll Jónsson menntamálaráðuneytinu allar fasteignir tilheyrandi iðnaðarbýlinu Smiðjuholti, þ. e. a. s. íbúðarhús, iðnaðarhús (trésmíðju) og

leigulóðarréttindi, sem hann hafði fengið með samningi við landbúnaðarráðherra 9/1 1960, sbr. hér að framan.

Með lóðarleigusamningi, dags. 18/3 1966, leigði landbúnaðarráðherra Sigríði Elísabetu Jónsdóttur, Reykholti, byggingarlóð úr landi Reykhólts 1200 m<sup>2</sup> að stærð. Lóðin er hornlóð og liggur austan vegar, er liggur til norðurs frá skólabyggingunni. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með lóðarleigusamningi, dags. 3/9 1968, leigði landbúnaðarráðherra Jónasi Árnasyni alþingismanni, Reykholti, byggingarlóð 1200 m<sup>2</sup> að stærð og ræktunarlóð 6 ha. Byggingarlóðin er nyrsta lóð austan vegar, er liggur til norðurs frá skóla og prestshúsi. Ræktunarlóðin er hin sama og leigð er Páli Jónssyni með samningi 9/1 1960. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með afsali, dags. 2. febrúar 1972, selur Jónas Árnason alþm. menntamálaráðuneytinu húseign sína, Brennubæ í landi Reykhólts, með lóðar- og vatnsréttindum.

Með lóðarleigusamningi, dags. 14. maí 1973, leigði landbúnaðarráðherra Þorvaldi Jónssyni, Reykholti, byggingarlóð úr landi Reykhólts 1200 m<sup>2</sup> að stærð. Leigutími er 50 ár.

Með leigusamningi, dags. 14. sept. 1973, leigði landbúnaðarráðherra Sveini Björnssyni, Varmalandi, landspildu þá úr landi Reykhóltsjarðar, sem faðir hans hafði haft, sbr. hér að framan, samn. dags. 20/3 1963. Landið er leigt til 40 ára frá 1. okt. 1973.

Með lóðarleigusamningi, dags. 7/11 1974, leigði landbúnaðarráðherra Þóri Jónssyni, þá búsettum á Höfn í Hornafirði, byggingarlóð úr landi Reykhólts 1200 m<sup>2</sup> að stærð. Leigutími er 50 ár frá útgáfudegi samnings.

Með afsali, dags. 26/9 1980, varð Ríkissjóður Íslands v/menntamálaráðuneytis eigandi að verslunar- og verkstæðishúsi Steingríms Þórissonar í Reykholti ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Með afsali Sigríðar E. Jónsdóttur, dags. 7/8 1981, varð Ríkissjóður Íslands v/menntamálaráðuneytis eigandi að íbúðarhúsi hennar í Reykholti ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

### III.

Svo sem fyrr hefur fram komið hefur nefndin haldið nokkra fundi og rætt málin allítarlega. Einnig hefur verið leitað eftir upplýsingum og ábendingum frá ýmsum aðilum, sem málið varðar. Miklum tíma á fundum nefndarinnar hefur verið varið til umræðna um það, hver eða hverjir skuli í framtíðinni hafa forræði á Reykhóltsstað, sem í dag er prestssetur og menntasetur, auk þess sem þar er stundaður búskapur. Þar sem nefndin taldi að forræðismálin hefðu grundvallarþýðingu fyrir áframhaldandi störf hennar, enda runnu leigusamningar þeir, sem gerðir voru á sínum tíma við héraðsskólann og Þóri heitinn Steinþórsson, út síðastliðið vor, ritaði formaður nefndarinnar bréf til dóms- og kirkjumálaráðherra sem forráðaaðila staðarins og óskaði eftir því, að ráðuneytið tjáði nefndinni hugmyndir sínar og áform varðandi hugsanlega endurnýjun leigusamninga. Formaður og ritari nefndarinnar hafa einnig átt viðræður við dóms- og kirkjumálaráðherra og ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytis um mál þessi. Viðræður munu og hafa átt sér stað milli dóms- og kirkjumálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis, en niðurstöður þeirra viðræðna hafa ekki borist nefndinni né heldur svör dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Augljóst virðist vera, að það hefur háð þróun staðarins hvað varðar framkvæmdir og umhirðu, að skort hefur glögg skil lands milli notenda, svo og það, að engum tilteknum ábyrgum aðila hefur verið falið að hafa á hendi heildarstjórn og eftirlit með framkvæmdum og umhirðu á staðnum.

Skipulagsmál Reykhóltsstaðar hefur mjög borið á góma hjá nefndinni. Einstakir nefndarmenn hafa átt viðræður við skipulagsstjóra ríkisins og hann hefur aftur falið tveimur starfsmönnum sínum að vinna að skipulagstillögum, og hafa þeir setið einn fund með nefndinni í Reykholti, þar sem staðurinn var skoðaður og síðan skipst á skoðunum.

Áður hafa verið gerðar tillöguuppdrættir að skipulagi fyrir Reykholt, en þeir hafa ekki hlotið staðfestingu. Nefndin hefur yfirfarið tillöguuppdrætti þessa og jafnframt reynt að gera sér grein fyrir því, hvernig skipulagi að mannvirkjagerð yrði best fyrir komið. Töldu nefndarmenn að þar þyrfti m. a. að hafa í huga nýja heimreið, svæði fyrir nýja kirkju og kirkjugarð, lóðir fyrir Snorrastofu og/eða safn og viðbótarskólamannvirki. Einnig þyrfti að huga að alhliða fegrun staðarins, sem mjög er nú ábótavant, og nægir þar að nefna sem dæmi hinn svonefnda Snorragarð, sem er í niðurníðslu og þarf mikilla lagfæringa við.

Veitumál Reykholtstaðar hafa fengið allnokkra umfjöllun í nefndinni. Aflað hefur verið ýmissa gagna, sem að þeim lúta, og einnig upplýsinga frá þeim, sem til þekkja. Niðurstaða þessara athugana er sú, að veitumálin, þ. e. a. s. skól- og vatns- og hitamál, séu í ólestri, en einkum þó vatnsveita og hitaveita. Hvort tveggja er um að ræða skipulags- og stjórnunarvandamál og einnig er þörf mikilla úrbóta á báðum þessum sviðum, einkum á dreifikerfinu, sem mun yfirleitt vera gamalt og lélegt og raunar úrelt að ýmsu leyti. Skólinn mun hafa staðið fyrir því, sem gert hefur verið í þessum efnum eftir 1931, og er ekkert formlegt samkomulag til milli aðila um afnotin og réttindi og skyldur í því sambandi.

Að tilhlutan Innkaupastofnunar ríkisins gerði verkfræðifirmað Fjarhitun hf. í Reykjavík í júlí 1975 úttekt á hitaveitumálum í Reykholti og tillögur til úrbóta um dreifingu heita vatnsins og lauslega kostnaðaráætlun. Í þeirri skýrslu segir m. a. að nauðsynlegt sé að koma dreifingu jarðhitans í gott lag, fá úr því skorið, hverjir eigi land- og hitarétt, og stofna síðan félag, sem kosti þær framkvæmdir sem nauðsynlegt sé að gera í Reykholti, og koma á föstu sölufyrirkomulagi heita vatnsins.

#### IV.

Margt af því, sem gera þarf í Reykholti staðnum og starfsemi þeirri, sem þar fer fram, til framdráttar, geta víst flestir þeir aðilar, sem með staðarmál hafa að gera, verið sammála um, svo mjög liggur það í augum uppi. Málefni staðarins hafa verið rædd meðal staðarmanna sumra og um þau gerðar bókanir og tillögur til úrbóta, sem sumar hafa borist nefndinni. Vitað er að málin hafa verið rædd í hreppsnefnd Reykholtisdalshrepps, skólanefnd Reykholtsskóla og sóknarnefnd Reykholtskirkju og eru þessir aðilar sammála um ýmis atriði varðandi skipulag og nýtingu staðarins.

Tveir nefndarmenn, þeir sr. Jón Einarsson og Ólafur Þórðarson, hafa lagt fram í nefndinni skriflegar tillögur sínar, og hafa þær, einkum tillögur sr. Jóns, sem fyrr komu fram, verið ræddar nokkuð í nefndinni. Aðrir nefndarmenn hafa lýst álitinu sínu á ýmsum greinum munnlega í nefndinni.

Með hliðsjón af öllu því, sem hér að framan hefur verið rakið, er rétt að draga saman helstu niðurstöður, a. m. k. til bráðabirgða, en þó ber að taka fram, að nefndin hefur ekki náð algjerri samstöðu í öllum greinum, og einnig mun hún enn um sinn vinna að endanlegri áltisgerð sinni áður en henni verður skilað.

##### 1. Landnýting jarðarinnar.

- 1.1. Skólinn fái til afnota allt það land, sem hann þarfnast til alhliða skólastarfs og uppbyggingar hvað varðar skólamannvirki, útivistarsvæði, kennarabústaði og hótélrekstur. Landssvæði þetta verði mælt út og skýrt afmarkað. Um stærð landsins fari að öðru leyti eftir samkomulagi forráðaaðila staðarins.
- 1.2. Hlíðin norðan og ofan byggðarinnar í Reykholti verði afgirt og friðuð og tekin til skógræktar.
- 1.3. Ríflegt landssvæði vestan núverandi kirkju og kirkjugarðs verði ætlað sem uppbyggingar- og athafnasvæði vegna prestsseturshúss, kirkju og kirkjugarðs.
- 1.4. Allt annað land Reykholtis tilheyri prestssetrinu og sæti umsjá og ráðstöfun sóknarprestis, t. d. til búskapar, eða eins og tíðkast um aðrar prestssetursjarðir í landinu. Ber

þó að leggja ríka áherslu á að búskapur verði aldrei stundaður með þeim hætti, að til vansæmdar verði Reykhóltsstað hvað varðar umgengni og umhirðu.

- 1.5. Telji forráðaaðilar staðarins nauðsynlegt að taka frá sérstaka landspildu eða lóð undir mannvirki, sem reist kynnu að verða, tengd nafni Snorra Sturlusonar, eða undir arðvænleg atvinnufyrirtæki, t. d. í tengslum við jarðhita, enda rynni allur arður til uppbyggingar á staðnum, þá skal þeirri spildu eða lóð haldið eftir þegar sóknarpresti verður afhent jörðin.

## **2. Skipulag staðarins.**

- 2.1. Skipulagstjóra ríkisins verði falið að láta gera heildarskipulag fyrir Reykhóltsstað, sem síðan hljóti staðfestingu þar til bærra aðila.
- 2.2. Við gerð skipulagsins verði eftirfarandi haft í huga:
  - 2.2.1. Vegakerfið heima á staðnum verði endurskipulagt þannig að lokað verði fyrir hringakstur um staðinn og séð verði fyrir nægum bílastæðum við skóla og kirkju.
  - 2.2.2. Gert verði ráð fyrir nýrri kirkju og nýjum kirkjugarði á svæði vestan núverandi kirkju, svo sem áður var lýst.
  - 2.2.3. Gert verði ráð fyrir Snorrastofu og/eða minjasafni.
  - 2.2.4. Gert verði ráð fyrir að viðbótarskólamannvirkjum, og ber þá og að hafa í huga að skólamannvirki eru að sumarlagi notuð til hótélrekstrar.
- 2.3. Fenginn verði viðurkenndur skróðgarða- eða landslagsarkitekt til þess að skipuleggja fegur staðarins og leggja á ráðin um lagfæringu Snorragarðs.

## **3. Mannvirkjagerð.**

- 3.1. Lokið verði hið fyrsta við lagfæringu þá, sem hafin er á prestsseturshúsi.
- 3.2. Hafist verði fljótlega handa um byggingu nýrrar kirkju í Reykholti, enda er hin gamla núverandi kirkja orðin of lítil og léleg til að standast kröfur tímans. Bygging kirkjunnar verði að hluta kostuð af almannafé.
- 3.3. Hafist verði handa um byggingu sérstakrar Snorrastofu og/eða Snorraminjasafns í Reykholti, þar sem aðstaða gæti verið fyrir norræna fræðimenn til dvalar og fræðistarfa.
- 3.4. Vinda þarf bráðan bug að byggingu þeirra skólamannvirkja, sem fyrirhugað hefur verið að reisa og sárlega vantar, svo sem A-álmú skólans, íþróttahús og sundlaug.
- 3.5. Athafnasvæði skóla og kirkju heima á staðnum verði afgirt með vandaðri girðingu.

## **4. Veitumál.**

- 4.1. Fela þarf sérfræðingum úttekt veitumannvirkja í Reykholti og hönnun nauðsynlegra endurbóta og gerð kostnaðaráætlunar. Að þessu ber að vinda bráðan bug, svo unnt sé að hefja framkvæmdir hið fyrsta.
- 4.2. Finna þarf heppilegt rekstrarform fyrir hitaveitu og vatnsveitu í Reykholti.
- 4.3. Skólpveita í Reykholti verði á vegum sveitarfélagsins, enda greiði notendur fyrir það ákveðið gjald. Sama gildir um sorphirðingu.

## **5. Ýmislegt.**

- 5.1. Fela skal sérstakri samstarfsnefnd þeirra aðila, sem forræði hafa á Reykhóltsstað, yfirstjórn sameiginlegra staðarmála, sem ekki heyra undir aðra lögum og venjum samkvæmt. Skal nefndinni heimilt að ráða sér starfsmann sem hafi með höndum umsjón og umhirðu húsa, lóða, lands, skógræktar og girðinga á vegum kirkju og skóla.
- 5.2. Athuga ber, hvort ekki er þörf lagasetningar um málefni Reykhólts.

- 5.3. Unnið verði að uppgrefti og rannsóknum á fornminjum í Reykholti og Snorrögöngin stækkuð til upphaflegrar myndar.
- 5.4. Bókasafn skólans þarf stórum að auka og endurbæta. Einnig þarf að koma upp safni er hefur fræðilegt gildi vegna rannsókna á störfum Snorra Sturlusonar og áhrifum hans.
- 5.5. Ósæmandi er með öllu að mannvirki í Reykholti séu í niðurníðslu vegna skorts á viðhaldsfé. Þess vegna verður að veita meira fjármagn til staðarins í heild heldur en gert hefur verið til þessa.

Áfangaskýrsla þessi var endanlega afgreidd á fundi nefndarinnar í dag.

Borgarnesi, 23. október 1981.

Rúnar Guðjónsson.

## Fylgiskjal II.

Héraðsskólinn í Reykholti

Reykholti, júlí 1982.

### Greinargerð.

til menntamálaráðuneytisins um málefni Reykholtsskóla.

Á fundi skólanefndar Héraðsskólans í Reykholti í júní s. l. var einróma samþykkt að halda fast við fyrri áætlanir menntamálaráðuneytis og skólanefndar um 150 nemenda skóla í Reykholti, enda hentugasta rekstrarstærð fyrir núverandi og fyrirhugaða starfsemi skólans.

Á 40 ára afmælishátíð skólans var kunngerð, við mikinn fögnuð fjölmargra gesta, samþykkt uppbyggingaráætlun stofnunarinnar. Skyldi hafist handa strax næsta vor, þ. e. 1972, á heimavistum þar sem pláss yrði fyrir 112 nemendur auk þeirra 32 sem gistu „Útgarða“ (eldri heimavist), en heimavistir skyldu þar með lagðar niður í gamla skólahúsnæðinu.

Samkvæmt samþykktri framkvæmda- og fjármagnsáætlun, gerðri af Teiknistofunni Óðinstorgi, dags. 11/4 1972 (Vífill Oddsson og Vilhjálmur og Helgi Hjálmarssynir), skyldi uppbyggingin framkvæmd í 7 áföngum:

	millj.
I. Heimavistir, B- og C-hús, júní 1972—júní 1974 .....	43
II. Heimav. og mötuneyti, A-hús, júní 1974—júní 1976 .....	35
III. Skólinn endurbyggður A- og B-hluti: B-hluti I (gömlu heimavistum breytt í stjórnunarálmu) sumarið 1973. A-hluti (kennsluhúsnæði ásamt fyrrverandi mötuneyti breytt) sumarið 1976 og 1977. B-hluti II (Sundlaug breytt í kennslustofur sumarið 1978 .....	17
IV. Lóð heimavistar, sumarið 1976 og 1977 .....	3
V. Íþróttahús og sundlaug, júní 1977—júní 1978 .....	23
VI. Starfsmanna- og kennaraíbúðir, júní 1979—1980 .....	14
VII. Lóð Reykholtsskóla sumarið 1979 og 1980 .....	5

140 millj.

Samtals er kostnaðaráætlun upp á 140 millj. kr. miðað við verðlag 7/3 1972, á grundvelli u. þ. b. 15 millj. kr. árlegrar fjárveitingar, ásamt þegar veittu framlagi. Undanskilið er: Vegagerð, húsbúnaður, hönnunar- og eftirlitskostnaður.

Þess er skemmst að geta, að I. áfanga var lokið á tilsettum tíma auk hluta af IV. áfanga. Hvað olli stöðvun framkvæmda og hvað varð um 67% af lofaðri fjárveitingu er mér ekki kunnugt.

Vegna dráttar á tilkomu A-álmú, með 16 nemendarymi, var útbúin 14 nemenda heimavist í fyrrverandi smiðju í íbúðarþyrpingu norðan skóla og kirkju, en af miklum vanefnum. Nemendarymi á heimavist er því fyrir 142 nemendur, sem sýnir að í raun hefðu þurft að koma 22 rúm í A-álmú ef tilætluðum nemendafjölda ætti að ná. Nú er svo komið að ástand „smiðjunnar“ sem heimavistarhúsnæðis er ekki verjandi, enda komu öflug mótmæli frá foreldrum nemenda vistarinnar s. l. vetur, og ég hef ekki getað bætt þar um vegna fjársveltis á þessu ári.

Aðsókn að námi í Reykholti hefur frá stofnun skólans 1931 verið meiri en svo að skólinn hafi nokkru sinni getað annað henni, og t. d. þurfti ég nú, eins og s. l. sumar, að neita yfir 25% umsókna um skólavist.

Ekki er ætlunin að rekja hér þróun skólans frá upphafi, heldur geta hverjar hugmyndir heimamanna og skólanefndar eru varðandi næstu framtíð. Við höfum látið og munum láta nemendur úr héraðinu ganga fyrir um nám í 9. bekk grunnskóladeildar, síðan látum við nemendur frá stöðum, sem lengst þurfa að sækja í slíkt nám, ganga fyrir. Undanfarin ár höfum við haft þrjár bekkjardeildir í 9. bekk með u. þ. b. 75 nemendur, en nú fækum við þeim í tvær með 55 nemendur næsta vetur. Á fyrsta og annað ár framhaldsdeilda áfangakerfisins ganga eldri Reykhyltingar fyrir, síðan látum við fyrri námsárangur ráða frekara vali.

Við teljum skólanum heillavænlegast að byggja upp öfluga kennslu á tveim fyrstu árum áfangakerfisins (4 annir) og koma á svipaðri skipan og Menntaskólinn á Egilsstöðum og Eiðaskóli hafa komið á hjá sér, þ. e. að Reykholt taki inn alla þá nemendur á Vesturlandi sem þurfa á heimavist að halda á tveim fyrstu árum fjölbrautakerfisins, síðan lykju þeir námi sínu í Fjölbrautaskóla Akraness. Fjölgun framhaldsdeildanemenda á kostnað áðurnefndrar fækkunar í 9. bekk er að sjálfsgöðu gerð til að mæta þeirri þróun, að 9. bekkir hverfi að öllu inn í grunnskólana í héraði.

Ætíð hefur og mun vera mikil þörf fyrir heimavistar skóla sem okkar, ekki bara fyrir dreifbýlisfólkið, heldur einnig fyrir fjölda nemenda af þéttbýlissvæðum sem af ýmsum ástæðum geta ekki stundað nám frá heimilum sínum. Það sanna tugir umsókna og símhringinga ár hvert. Því er það okkur undrunarefni hér í Reykholti, þar sem aldrei hefur skort nemendur né hæft starfslíð, að nú skuli fjárveitingavaldið vera á góðri leið með að flæma kennara (og þá nemendur á eftir) í burtu vegna fjársveltis undanfarin ár.

Á þessu verður að vinna bráðan bug, ef ekki á illa að fara. Eina leiðin til þess er að taka upp þráðinn að nýju þar sem hann slitnaði 1974 og byrja ekki síðar en næsta vor á II. áfangaráttunum frá 1972.

Virðingarfyllt  
Eysteinn Ó. Jónasson  
skólastjóri.

P.s. Þess má geta, að það eru ekki stoltir Íslendingar sem sumar hvert horfa upp á þau hundruð „pílagríma“ sem leggja leið sína til byggðar Snorra Sturlusonar og ætla að skoða þennan fræga sögustað sem minnst er á í öllum erlendum landkynningarbæklingum.

Hvað sjá þeir? Norska stytta, Snorralaug og innganginn að Snorragöngunum sem liggja niðurfalinn undir leikfimbribragga sem rífa átti fyrir 46 árum. Heldur er þetta fátæklegt fyrir langt að komna „pílagríma“, enda kemur þar eflaust skýringin á þeim ósköpum að henda alltaf peningum í Snorralaug.

E.Ó.J.



### Fylgiskjal III.

Skólanefnd  
Héraðskólans Reykholti  
Borgarfirði.

Skólanefnd Héraðsskólans í Reykholti leyfir sér hér með að fara þess á leit við háttvirta alþingismenn Vesturlandskjördæmis, að þeir vinni að því af alefli, að á fjárlögum 1982 verði veittar fjárveitingar til skólans vegna eftirtalinna verkefna:

1. Nægilega há upphæð til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir við A-álmú hinnar nýju skólabýggingar og ljúka einhverjum verulegum áfanga, t. d. steypa hann upp. Í þessari álmú á að koma mötuneytis- og félagsaðstaða skólans auk herbergja fyrir 16 nemendur. Jafnframt verði unnið að því að tryggja fjármagn til þess að unnt verði að ljúka verkinu á næstu tveimur árum.
2. Tryggð verði sérstök fjárveiting til þess að koma upp aðstöðu fyrir þann stofn að bókasafni, sem til er á staðnum, og bæta við hann svo að í skólanum verði frambærilegt skólabókasafn og í tengslum við það vinnuaðstaða fyrir nemendur.
3. Auk þessara tveggja forgangsverkefna vill skólanefnd fara þess á leit við alþingismenn, að þeir stuðli að því, að fjármagn til viðhalds húsa, húsbúnaðar og tækja skólans verði aukið þannig að eigur hans þurfi ekki að drafna niður og eyðileggjast vegna skorts á viðhaldi.

### Greinargerð.

Árið 1971 voru liðin fjörutíu ár frá stofnun skólans. Í því tilefni var af hálfu ríkisstjórnar Íslands gefið fyrirheit um uppbyggingu á staðnum. Átti á næstu árum að reisa nemendaíbúðir og koma upp mötuneytisaðstöðu í nýrri byggingu. Að því loknu var ætlunin að endurbæta gamla skólahúsið og hagnýta það fyrir kennslu og stjórnunaraðstöðu svo og bókasafn.

Fyrstu árin gekk allt vel og 1974 var lokið byggingu heimavistarhúsnæðis fyrir 96 nemendur og tveggja kennaraíbúða. Síðan hefur lítið gerst í uppbyggingu staðarins. Þó hefur verið skipt um glugga í gamla skólahúsinu og sett á það nýtt þak, enda var ekki vanþörf á, því að hvort tveggja var mjög lélegt orðið, hélt hvorki vatni né vindi.

Talsverð viðleitni til þess að koma framkvæmdum við A-álmúna af stað hefur til þessa engan árangur borið. Á meðan hafa húsakynni skólans hrörnað vegna skorts á viðhaldi og er ekki grunlaust að fjármunir, sem ætlaðir voru til nýbyggingar, hafi runnið til að bjarga neyðartilfellum í viðhaldi. Undanfarin ár hafa Heilbrigðiseftirlit og Rafmagnseftirlit sífellt verið með augun á staðnum. Reynt hefur verið að ráða bót á stærstu ágöllum, en þær skorður, sem þrengsli og skortur á húsrými setja, gera mjög erfitt fyrir.

Raunverulegar úrbætur fást aðeins með nýju húsi. Sá dráttur, sem orðið hefur á byggingu þess, hefur þegar valdið skólanum miklum erfiðleikum og heft viðgang hans. Því er sú ósk, að henni verði hraðað, studd sterkum rökum og grundvölluð á mjög brýnni þörf.

Tilhneigingar hefur orðið vart hjá ýmsum aðilum í þá átt að sleppa nemendaherbergjum úr hinni nýju álmú. Skólanefnd telur, að slíkt væri mjög misráðið og mundi koma illa niður á möguleikum skólans til þess að bjóða upp á fjölbreytt nám á framhaldsstigi.

Bókasafn skólans er að stofni til komið úr tveimur stöðum, úr bókasafni Hvítárbakka-skóla og safni Tryggva Þórhallssonar forsætisráðherra. Undanfarin ár hefur safnið verið á miklum hrakhólum vegna þrengsla og litlir möguleikar að hagnýta það í námi sem æskilegt er í skóla með 9. bekk grunnskóla og á framhaldsstigi. Þá vantar og sárlega handbækur í ýmsum greinum, einkum raungreinum og náttúrufræði. Þetta ástand er algerlega óviðunandi og verður að færa það til betri vegar eigi skólinn að geta sinnt hlutverki sem framhaldsskóli.

Þar þarf til að koma aukinn bókakostur, rýmri og betri húsnæðisaðstaða og lagfæring þeirra bóka, sem til eru. Möguleikar skólans sem menntastofnunar eru verulega háðir því, að til sé bókasafn, sem býður upp á möguleika til nútíma kennsluhátta.

Þeir, sem koma að Reykholti, veita því athygli, hversu bágborið viðhald á húsum og öðrum eignum skólans hefur verið undanfarin ár. Eru ýmsar byggingar á góðri leið að drafna niður. Sama gildir um innanstokksmuni og tækjakost. Viðhaldsfé skólans hefur sum árin lækkað í krónutölu þrátt fyrir verðbólguþróun. Má það kallast skrýtin hagspeki að láta eignir skólans, sem ríkið rekur að öllu leyti, eyðileggjast vegna sparnaðar í viðhaldi, en leggja svo í margfaldan kostnað við endurbyggingu.

#### Fylgiskjal IV.

Héraðsskólinn í Reykholti  
Reykholti, 26/10 1981.  
Til þingmanna Vesturlandskjördæmis.

Kennarar, starfsfólk og nemendur Héraðsskólans í Reykholti beina því til háttvirtra þingmanna Vesturlandskjördæmis, að þeir taki aðstöðu og aðbúnað Héraðsskólans í Reykholti til gagngerðrar athugunar.

Það er mat okkar, sem hér störfum, að aðstaða og aðbúnaður í skólanum sé **með öllu óviðunandi**. Má þar nefna kennslustofur, mötuneyti, snyrtiaðstöðu og búningsklefa við sundlaug og leikfimisal, vinnuaðstöðu kennara, skort á kennslutækjum o. fl.

Máli okkar til stuðnings bendum við á hjálögð bréf Heilbrigðiseftirlits ríkisins, dags. 29.06. 1981 og 21.10. 1981, auk skýrslu Heilbrigðisnefndar Reykholtsdalshrepps, dags. 1.06. 1981.

Það er einlæg von okkar og raunar staðföst trú, að þið beitið áhrifavaldi ykkar til þess að hér megi skóli starfa um ókomna tíð.

F. h. kennara, starfsfólks og nemenda.

Margrét Gunnarsdóttir, kennari.  
Jónas Jónsson, kennari.  
Pórunn P. Reykdal, kennari.  
Tryggvi Marteinsson, bryti.  
Jón Bjarni Guðsteinsson, form. skólafélags.

#### Fylgiskjal V.

Heilbrigðiseftirlit Ríkisins

Heilbrigðisnefnd Reykholtsdalshrepps  
c/o Guðjóna Jónsdóttir  
Sturlureykjum  
311 Borgarnes.

**Efni: Aðstaða til reksturs skóla og hótels í Reykholti.**

Þann 25. júní s. l. skoðuðu undirrituð ýmiss konar aðstöðu til skóla- og hótélreksturs að héraðsskólanum í Reykholti. Skoðunin leiddi í ljós að ýmislegt er afar ábótavant varðandi húsakynni og búnað skólans til slíks reksturs. Brýnna úrbóta er þörf.

**Hefja þegar í stað byggingu nýs mötuneytis, búningsklefa við sundlaug og nýs íþrótta-húss með tilheyrandi búnaði.**

Þar sem ljóst er að nefndar byggingaframkvæmdir taka nokkurn tíma og skólahald er byggðarlaginu nauðsyn, getur Heilbrigðiseftirlit ríkisins mælt með að undanþága til skólahalds verði veitt til loka skólaárs 1983 með þeim skilyrðum, að eftirfarandi úrbætur verði gerðar á núverandi húsakynnum og búnaði skólans:

#### **Eldhús.**

1. Mála eldhúsið og lagfæra skemmdir á veggjum.
2. Koma fyrir gufugleypi yfir eldavél.
3. Bæta loftræstingu.
4. Setja nýja plastklæðningu á vinnuborð og veggi fyrir ofan borðin.
5. Koma fyrir handlaug með heitu og köldu vatni (blöndunartæki), sápuskammtara með sótthreinsandi sápuþegi yfir handlauginni, einnota pappírspurrkum í þar til gerðum hylkjum, festum á vegg, og körfum undir notaðar þurrkur.

#### **Tengigangur milli eldhúss og vöruheymislu (vörumóttaka).**

1. Tengiganginn þarf að mála og klæða og mála rör að nýju.
2. Gera verður gang að utan í vöruheymislu manngengan eða leysa vörumóttöku á annan viðunandi hátt.
3. Varast ber að hálkublettir myndist í ganginum.

#### **Vöruheymisla (vörumóttaka).**

1. Bæta loftræstingu.
2. Aðskilja grænmetis- og ávaxtageymislu frá öðrum geymslum og koma þar fyrir hentugri kælingu.

#### **Kælir og frystir.**

1. Aðskilja kæli og frysti svo að nægilegt rými fáiast.
2. Við aðskilnað skal hvor fyrir sig innréttaður með tilliti til strangasta hreinlætis.
3. Annað fyrirkomulag kæmi til greina, t. d. frysti- eða kælikistur.
4. Bent skal á að allir frystar og kælar skuli útbúnir neyðarkerfum.

#### **Kjötvinnsla.**

1. Mála og múrbinda loft og veggi.
2. Verja vatnsrör, svo að þau valdi ekki óþrifnaði.
3. Koma fyrir handlaug með viðeigandi búnaði og þvottaðstöðu fyrir kjötsög og ílát.
4. Bæta loftræstingu.
5. Sjálflokandi hurð milli kjötvinnslu og hreinsitækjaherbergis.

#### **Snyrting við mótuneyti.**

1. Er óhæf í núverandi ástandi og þarf því að endurnýja frá grunni með öruggu frárennsli, nýjum innréttingum og hreinlætistækjum með viðeigandi búnaði.

#### **Snyrting við sundlaug og íþróttasal.**

1. Er algerlega óhæf í núverandi ástandi og því hefur sund- og baðaðstöðu verið lokað, þarf því að koma fyrir viðunandi snyrtiaðstöðu við búningsklefa fyrir sundlaug og í þróttahús.

#### **Önnur snyrtiaðstaða í skólahúsi.**

1. Lagfæra frárennsli, hreinlætistæki og innréttingar (gólf, veggi og loft).

### **Íþróttasalur, búningssklefar og steypiböð.**

1. Íþróttasalur er ónothæfur í núverandi ástandi. Einangra og endurnýja þiljur og gólf.
2. Endurbæta tækjageymslu.
3. Lagfæra rakaskemmdir í lofti og á veggjum.
4. Endurbæta loftræstingu.
5. Endurbæta steypiböð.
6. Lagfæra niðurföll.
7. Útvega rimlafleka á gólf í búningssklefa.

Gæta skal þess vandlega, að við allar endurbætur sé þess gætt, að innréttingar, tæki og annar búnaður sé þannig gerður og fyrir komið að hann uppfylli viðurkenndar þrífnaðar- og hreinlætiskröfur. Úrbótum samkvæmt ofangreindu skal lokið áður en skólahald hefst í haust.

Hrafn V. Friðriksson, Dr. Med.,  
forstöðumaður.

Kolbrún Haraldsdóttir,  
heilbrigðisráðunautur.

Oddur R. Hjartarson,  
heilbrigðisráðunautur.

### **Fylgiskjal VI.**

Heilbrigðiseftirlit Ríkisins

Heilbrigðisnefnd Reykholtssdalshr.  
form. Guðjóna Jónsdóttir  
Sturlureykjum  
311 Borgarnes.

Starfsmenn Heilbrigðiseftirlits ríkisins voru í Reykholti 15.10. s. l. og fylgdust með hvernig gengi úrbótum á húsnæði skólans, sbr. bréf stofnunarinnar til heilbrigðisnefndar Reykholtssdalshrepps 29.06. 1981.

Við skoðun kom í ljós að mjög litlar úrbætur hafa farið fram og að mestu fólgnar í málun á eldhúsi, gangi og matargeymslum, sem við koma mótuneyti skólans, og er til bóta, en mjög skammvinn lausn þar sem málning tollir illa á veggjum við núverandi aðstæður. Ný salerni höfðu verið sett upp á snyrtingum við mótuneyti og þar málað, en að öðru leyti ástand óbreytt. Þá var verið að vinna að endurbótum á íþróttahúsi.

Heilbrigðiseftirlit ríkisins ítrekar hér með afstöðu sína til reksturs skóla og hótels í Reykholti og vísar til áður nefnds bréfs til heilbrigðisnefndar Reykholtssdalshrepps. Telur stofnunin að hraða beri úrbótum svo sem áður hefur komið fram.

Virðingarfyllst,

Hrafn V. Friðriksson, Dr. Med.,  
forstöðumaður.

Kolbrún Haraldsdóttir,  
heilbrigðisráðunautur.

Ólafur Pétursson,  
deildarverkfræðingur.

## Fylgiskjal VII.

Rafmagnsveitur ríkisins

Reykholtsskóli  
hr. Eysteinn Jónasson  
Reykholtshreppi  
320 Reykholt.  
Athugasemdir við raforkuvirki, skoðun gerð 02.06. 1981.

### 1. Aðaltafla:

- a) Skipta um skiptirofa fyrir ljósavél, setja skal rofa af viðurkenndri gerð í staðinn.
- b) Samræma varstærðir á kvísl fyrir skála.
- c) Ganga þannig frá götum á útivegg að ekki snjóí inn í töfluklefa (snjógildra).

### 2. Kjallari:

- a) Lagfæra vegg ljós.
- b) Hlíf vantar yfir reimar á blásara, **lagfærist.**

### 3. Skólabygging:

- a) Skipta um brotinn rofa og ljós í forstofu að leikfimisal.
- b) Yfirfara og lagfæra flúrípuljós í gangi og búningsklefa sundlaugar.
- c) Fjarlægja opna víftutengla í búningsklefum og gangi.
- d) Skipta um ljós í gufubaði, setja vandað ljós af varnarflokki IP-4
- e) Hlífðargler vantar á ljós við gufubaðsklefa.

### 4. Tafla nr. 4 í stigagangi:

- a) Yfirfara töfluna, leggja niður ónotaðan búnað, merkja hana rétt, ganga frá festingum.
- b) Skipta um og endurnýja brotinn rafbúnað í skólastofum, setja jarðbundna tengla.
- c) Setja varanleg ljós í stigagangi upp á efstu hæð.
- d) Fjarlægja ónotaðan kapal í búri inn af eldhúsi.

### 5. Tafla nr. 5:

- a) Fjarlægja ónotaðan rafbúnað og ganga frá töflunni samkv. Reglugerð um raforkuvirki.
- b) Setja varanlegan ljósabúnað í turninn.
- c) Fjölga skal tenglum í skrifstofu skólastjóra til að komast hjá óparfa millistykjum.
- d) Merkja töflu í tækjageymslu.

### Kjallari:

### 6. Tafla 2 .

- a) Æskilegt væri að endurnýja töfluna eða endurbæta hana svo að ekki sé snertihætta af rafbúnaði hennar og allur frágangur sé í samræmi við Reglugerð um raforkuvirki.
- b) Endurnýja töflu nr. 7 í kjallara.
- c) Kapallagnir eru huldar inni í veggjum í herbergi nr. 4, **lagfærist.**
- d) Í sama herbergi (nr. 4) er tengill með óvirkri jarðtengingu, **lagfærist.**
- e) Lagfæra ljósabúnað og raflagnir í dæluhúsi inn af kjötvinnslu.
- f) Lagfæra snúrufestingu í tengiboxi fyrir kjötsög.
- g) Taug merkt bláum lit er notuð sem hlífðartaug (PE) fyrir hitaofn og er hún tengd út í vatnspípukerfi. Nota verður gulgrænan lit fyrir hlífðartaug og hlífðartaugin á að tengjast við hlífðartein í töflu.

### 7. Tafla 3:

- a) Yfirfara töfluna, lagfæra víringar.
- b) Tengill fyrir mjólkurkistu er ójarðtengdur og einnig tengill í kassa sem er tengdur þessum tengli, **lagfærist**.
- c) Ganga frá tengingum og lögnum að hitavatnsdælum (úti).
- d) Binda þarf saman vatnspípukerfi heita- og kaldavatnsleiðslna.
- e) Yfirfara að öðru leyti allan rafbúnað skólans.

Rafmagnsveitur ríkisins  
rekstrareftirlit  
Pétur Hermannsson.

### Fylgiskjal VIII.

Fræðslustjóri Vesturlandsumdæmis

Borgarnesi, 27. maí 1981.

Fjárveitinganefnd Alþingis  
Alþingi  
Reykjavík.

Fræðsluráð Vesturlandsumdæmis fór 18. maí 1981 í heimsókn og skoðunarferð að Reykholti í Borgarfirði að kynna sér aðstöðu og aðbúnað Héraðsskólans þar. Leiddi þessi heimsókn skýrt í ljós það sem fulltrúum í fræðsluráði var raunar áður kunnugt, að ástand húsa er mjög slæmt vegna skorts á viðhaldi og sá dráttur, sem orðið hefur á því, að uppbyggingu skólahússins væri haldið áfram, veldur miklum og vaxandi erfiðleikum í rekstri skólans á sama tíma og aðsókn er verulega meiri en hægt er að taka á móti.

Þess vegna var á fundinum gerð eftirfarandi samþykkt:

„Fundur fræðsluráðs Vesturlands haldinn í Reykholti 18. maí 1981 skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera stóráttak til eflingar Héraðsskólanum í Reykholti og Reykhóltsstað í heild.

Fræðsluráð telur að forgangsverkefni í þessu sambandi sé bygging mótuneytisaðstöðu og félagsaðstöðu nemenda (A-álmú nýbyggingar) og að bókasafni skólans sé komið í viðunandi horf hvað snertir bókakost og aðbúnað.

Fræðsluráð minnir á að skólinn verður 50 ára á komandi hausti. Í hálfa öld hefur hann gegnt þýðingarmiklu hlutverki í uppeldi og menntun æskunnar. Þess er vænst, að hið opinbera geri skólanum kleift að þjóna því hlutverki áfram.“

Leyfir fræðsluráð sér að vænta liðsinnis fjárveitinganefndar, að þetta mál fái framgang hið allra fyrsta.

Með vinsemd og virðingu,  
f. h. fræðsluráðs,  
Snorri Þorsteinsson.

### Fylgiskjal IX.

Til menntamálaráðuneytisins.

Þegar gengið er um húsakynni Héraðsskólans í Reykholti, og þá sérstaklega gamla skólahúsið, verður ljóst að ástand aðstöðunnar er vægast sagt lélegt. Múrhuð og málning víða af veggjum, gólfdukar rifnir og uppflosnaðir. Teppa gatslitin og laus sem víða stafar af mikil slyshætta. Salernis- og snyrtiaðstaða engan veginn fullnægjandi, sama gildir um íþróttaaðstöðu alla.

Hér á eftir fer samantekt á því sem við teljum brýnt að bót verði ráðin á hið allra fyrsta. Þetta eru allt atriði sem varða heilsu og heill nemenda og starfsfólks. Við teljum óhugsandi að skóli, sem telur 150 nemendur, hvað þá hótél geti starfað við þessar aðstæður.

Við gerum ráð fyrir því, að úrbætur fari fram í sumar. Þó eru nokkur atriði svo aðkallandi að lagfæra verður þau strax og þá áður en hótél hefst.

#### I. Mötuneyti.

- A. Inngangur í kjallara að norðanverðu. Öll móttaka matvæla og inngangur starfsfólks.
1. Stigi, brattur og þröngur ca. fæðmur á breidd.
  2. Prepin í stiganum óvenjulega há.
  3. Prepin eru slitin og söðulbökuð, lakkmálning veldur hálfu, sérstaklega í hláku og rigningu.

#### Tillögur til úrbóta:

1. Brotin verði renna, þannig að hægt verði að taka vörur beint inn í geymslur.
  2. Prep lagfærð og sett á þau stamt slitlag.
  3. Veggir málaðir.
- B. Gangur sem tengir kjallarainngang og eldhús, sem er sunnanvert í húsinu. Um þennan gang fara öll matvæli.
1. Veggir hafa ekki verið múrhúðaðir og eru ósléttir. Málning er mjög illa farin.
  2. Lakk á gólfi slitid.
  3. Rör og leiðslur utan á veggjum safna á sig miklum óhreinindum.

#### Tillögur til úrbóta:

1. Stokkur settur utan um leiðslur.
  2. Veggir og gólf málað.
- C. Geymslur í norðvesturhorni kjallara fyrir pakka- og dósavöru.
1. Gluggar mjög litlir og niðurgrafnir. Loftræsting engin og hiti því mikill. Dósavara o. fl. liggur undir skemmdum.

#### Tillögur til úrbóta:

1. Setja víftur í tvo glugga.
- D. Kælir og frystir inn af honum.
1. Frystir: málning flögnuð af veggjum, sér í beran stein á gólfi, bilanatíðni há, of lítill.
  2. Kælir: málning farin af veggjum, greinilegur raki í þeim, málning flögnuð af gólfi sem er mjög sprungið.

#### Tillögur til úrbóta:

1. Erfitt er að ímynda sér hvernig 170 manna mötuneyti kemst af með svo lítinn kæli og frysti. Við leggjum til að hvort tveggja verði stækkað.
  2. Ganga þarf þannig frá veggjum og gólfi að hægt sé að uppfylla kröfur um lágmarks-hreinlæti.
- E. Kjötvinnsla undir eldhúsi.
1. Málning á veggjum snjád, steinninn víða ber og brotið upp úr honum.
  2. Margar leiðslur liggja utan á veggjum og safna á sig óhreinindum.
  3. Enginn opnanlegur gluggi eða önnur loftræsting.

Tillögur til úrbóta:

1. Gera við og mála vegg.
  2. Setja stokka utan um leiðslur.
  3. Opnanlegum glugga og viftu komið fyrir hið allra fyrsta.
- F. Eldhús í suðvesturhluta. Góðir gluggar fyrir ofan jörðu að sunnan. Allur bakstur fer einnig fram í þessu húsnæði.
1. Raki greinilegur í tveimur hornum. Málning illa farin á veggjum, snjád og flögnuð af.
  2. Plastklæðning á borðum slitin og víða laus, gapandi og illa felld saman á samskeytum.
  3. Tveir djúpsteikingarpottar eru en engin lofttúða tengd þeim, að öðru leyti er loftræsting góð.

Tillögur til úrbóta:

1. Loft og veggir málað.
  2. Nýtt plast sett á vegg þar sem það vantar og/eða er ónýtt.
  3. Lofttúða sett upp fyrir ofan djúpsteikingarpotta sem fyrst.
- G. Borðsalur.
1. Svo lítill að nemendur eru einnig látnir borða í nærliggjandi kennslustofu.

Tillögur til úrbóta:

1. Verði nýtt mötuneyti byggt innan tveggja ára má setta sig við núverandi ástand til þess tíma, annars verður að vinna bráðan bug að stækkun núverandi borðsalar.

## II. Salerni og snyrtingar í gamla skólahúsinu.

### A. Snyrtiherbergi í kjallara.

1. Annað snyrtiherbergi af tveimur er lokað og leggur frá því óþef.
2. Á því snyrtiherbergi, sem er í notkun, eru tvær salernisskálur og þrjár handlaugar; málning og klæðning á veggjum snjád og slitin þannig að víða sér í beran steininn. Gólf er sprungið og steinninn víða ber. Leiðslur liggja utan á veggjum.

Tillögur til úrbóta:

Mjög áriðandi er að bæði snyrtiherbergin verði lagfærð, þetta er eina snyrtiaðstaðan fyrir matargesti hótelsins.

1. Veggir klæddir eða málaðir.
2. Varanlegt efni sett á gólf.
3. Leiðslur huldar með stokkum.
4. Nýjum hreinlætistækjum komið fyrir eftir þörfum.
5. Kanna þarf ástæður óþefsins og gera úrbætur.
6. **Við teljum óhjákvæmilegt annað en að loka snyrtingunum nú þegar.**

### B. Snyrtingar á efri hæð.

1. Í norðurálmú eru snyrtingar algjörlega ónothæfar og því lokaðar.
2. Í suðvesturhluta er salernisbergi með einni salernisskál og einni handlaug í nothæfu ástandi.
3. Í austurálmú er eitt salerni með einni salernisskál og handlaug. Flísar og múrhúðun farin að hluta af veggjum.

Tillögur til úrbóta:

1. Veggir lagfærðir á salerni í austurálmú.



C. Íþróttáálma.

1. Salerni inn af kvennaklefa en engin handlaug tengd því.

Niðurstaða: Eitt nothæft salerni í öllu skólahúsinu, þrjár aðrar salernisskálar í notkun en aðstaða þar vægast sagt léleg.

III. Íþróttáálma.

A. Gangur sem tengir saman búningsklefa og íþróttasal.

1. Loft illa farið af raka.

B. Búningsklefar karla.

1. Loft illa farið af raka.
2. Loftræsting engin.
3. Ekkert salerni í tengslum við búningsklefann.

Tillögur til úrbóta:

Þar sem okkur hefur verið tjáð að íþróttgæðstaðan verði lokuð í sumar gerum við kröfu til að þau atriði, sem snerta athugasemdir okkar, verði lagfærð fyrir haustið.

Greinilegt er að þak yfir gangi og búningsklefum er mjög lélegt því raki er í öllum loftum. Það þarf að gera við þakið og síðan að skafa og mála loftin. Einnig þarf að setja krana fyrir slöngu í annan hvorn sturtuklefann.

1. Setja þarf opnanlegan glugga og viftu sem hægt er að stjórna úr búningsklefa.
2. Koma fyrir salerni og handlaug í tengslum við búningsklefann.

C. Steypiböð fyrir karla.

1. Í einu horni sturtuklefans er þvagskál.
2. Sturturnar eru nánast ónothæfar og í mesta lagi hægt að stilla tvær í einu (10—15 nem. í hóp).
3. Loftræsting engin.
4. Lakk á gólfi farið að flosna upp.
5. Niðurfall óvirkt.

Tillögur til úrbóta:

1. Fjarlægja þvagskál.
2. Setja upp nothæfar sturtur.
3. Setja þarf varanlegt efni á gólf.
4. Laga niðurfall.

D. Búningsklefi kvenna.

1. Loft illa farið af raka.
2. Loftræsting engin.

Tillögur til úrbóta:

1. Koma fyrir opnanlegum glugga og viftu sem hægt er að stjórna úr búningsklefa.
2. Setja upp handlaug í tengslum við salerni.

E. Steypiböð fyrir konur.

1. Í mesta lagi hægt að nota tvær sturtur í einu.
2. Loftræsting engin.
3. Lakk á gólfi farið að flosna upp.
4. Niðurfall óvirkt.

Tillögur til úrbóta:

1. Setja upp nothæfar sturtur.
2. Varanlegt efni á gólf.
3. Lagfæra niðurfall.

F. Gangur frá sturtuklefum að sundlaug.

1. Raki í lofti og veggjum.
2. Lakk á gólfi slitid, brotid og laust.

Tillögur til úrbóta:

1. Setja varanlegt efni á gólf.

G. Sundlaug.

1. Góflakk meðfram bökkum farið að losna af.
2. Raki og skemmd á málningu á vegg að vestanverðu.

Tillögur til úrbóta:

1. Varanlegt efni á gólf.
2. Lagfæra og mála vegg.

H. Leikfimisalur.

1. Einangrun og hiti þannig að oft hefur þurft að leggja niður kennslu vegna kulda.
2. Klæðning og rimlar á veggjum víða skemmt.
3. Gólf gefur svo eftir að til vandræða horfir. Nemendur kvarta mikið um verki og eymsl í fótum.
4. Í áhaldageymslu eru flísar í gólfi brotnar.

Tillögur til úrbóta:

1. Einangra gólf og veggj.
2. Lagfæra skemmdir á veggjum.
3. Styrkja gólf.
4. Lagfæra gólf í áhaldageymslu.

IV. Gangur og stigi af fyrstu hæð niður í eldhús og borðstofu.

1. Teppi á stiga trosnað upp og rifið.

Tillögur til úrbóta:

1. Setja verður nýtt teppi á stigann **strax**.

V. Kennaraíbúð í norðurálmú.

1. Ekkert bað eða sturta.

Tillögur til úrbóta:

1. Sturtu eða baði verður komið fyrir í íbúðinni.

VI. Útgarðar, heimavist.

1. Sturtuklefar inn af salernum, tveir á hvorri hæð.
2. Raki mikill í veggjum, sturtur ónothæfar.

Tillögur til úrbóta:

Lagfæra sturtubotna og veggi **sem fyrst**.

VII. Smiðjan, heimavist.

1. Opnanlegir gluggar þannig að loftræsting er ónóg.
2. Málning mjög illa farin á veggjum.
3. Snyrtiaðstaða:
  - a) Salernisskál og handlaug, málning illa farin.
  - b) Salernisskál, handlaug og steypibað. Raki af völdum sturtunnar, málning illa farin.

Tillögur til úrbóta:

1. Lagfæra opnanlega glugga.
2. Mála veggj.
3. Mála báðar snyrtingarnar og útbúa sturtuklefa.

1.6. 1981.

F. h. heilbrigðisnefndar Reykholtsdalshrepps:

Guðjóna Jónsdóttir.  
Margrét Gunnarsdóttir.

## Fylgiskjal X.

Kaupfélag Borgfirðinga

Borgarnesi, 29.09.81.

Á aðalfundi vorum s. l. vor var m. a. rætt nokkuð um málefni Reykhóltsstaðar. Fyrst og fremst var rætt um verslun Kaupfélags Borgfirðinga þar á staðnum.

Einnig var rætt um ýmis önnur mál viðkomandi þessum sögufræga stað.

Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða:

„Aðalfundur K. B. haldinn í Borgarnesi dagana 6. og 7. maí 1981 skorar á stjórnvöld að hefjast þegar handa við áframhaldandi uppbyggingu á Reykhóltsstað, þannig að staðurinn verði í framtíðinni sú héraðsprýði sem einum sögufrægasta stað Norðurlanda ber.“

Virðingarfyllt,  
pr. pr. Kaupfélag Borgfirðinga,  
Ólafur Sverrisson.

Sent:

Menntamálaráðherra Ingvari Gíslasyni.

Form. skólanefndar Reykholtsskóla Snorra Þorsteinssyni.

Oddvita Reykholtsdalshrepps Jóni Þórisyni.

Þingmönnum Vesturlandskjördæmis.

## Fylgiskjal XI.

Kaupfélag Borgfirðinga

Borgarnesi, 29.06.82.

Hr. menntamálaráðherra

Ingvar Gíslason.

Á síðasta aðalfundi Kaupfélags Borgfirðinga, sem haldinn var í Borgarnesi dagana 5. og 6. maí 1982, var svohljóðandi ályktun gerð:

Aðalfundur K. B. skorar á þær stjórnardeildir, sem fara með málefni Reykhóltsstaðar, að gjöra stóráttak til endurreisnar staðarins. Alls óviðunandi er að þessi einn mesti sögustaður landsins sé árum saman í niðurníðslu og til vansæmdar héraðinu og landinu öllu. Aðalfundur K. B. hefur áður ályktað um þetta efni, einnig U. M. S. B. og Samband borgfírskra kvenna. Skorað er á forráðamenn staðarins að draga ekki nauðsynlegar úrbætur lengur.

Virðingarfyllt,  
pr. pr. Kaupfélag Borgfirðinga,  
Ólafur Sverrisson.